



Edda Sigríður Freysteinsdóttir

Umhverfis- og orkustofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Garðabær, 30. janúar 2026

Málsnúmer: 202601-0067

NA/BK

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi vegna Fossárvirkjunar

Vísað er til erindis Umhverfis- og orkustofnunar frá 9. janúar 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn Afls og Orku ehf. um rannsóknarleyfi fyrir Fossárvirkjun.

Sótt er um rannsóknarleyfi til 5 ára vegna virkjunar Fossár í landi Hlíðar (landnr. 145847), Örlygsstaða (landnr. 145878), Örlygsstaða II (landnr. 145877), Fjalls (landnr. 145844), Hofs (landnr. 145848), Kurfs (landnr. 145862) og Þjóðlendu austan Langavatns en virkjunarkosturinn verður eftirleiðis kallaður Fossárvirkjun, en það er það nafn sem landeigendur hafa valið virkjuninni.

Tilgangur rannsóknarinnar sem óskað er eftir leyfi fyrir, er að afla þekkingar á öllum aðstæðum á svæðinu. Nauðsynlegt er að kynna sér aðstæður til þess að hægt sé að:

- útfæra frumhönnun virkjunar
- afla fullnægjandi gagna til þess að senda inn fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um hvort virkjunarkosturinn þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum
- meta hagkvæmni virkjunarinnar

Niðurstöður rannsókna verða lagðar til grundvallar frumhönnun virkjunar, samningum um kostnað við tengingu og áætlun um umhverfismat ef þess verður krafist af Skipulagsstofnun.

Náttúrufræðistofnun skilaði áður umsögn um málið þann 2. október 2024 vegna lýsingu á fyrirhugaðri virkjun. Eftirfarandi athugasemdir eru að mestu leyti upp úr þeirri umsögn þar sem þær eiga enn erindi við þessa umsókn um rannsóknarleyfi.

Rannsóknarsvæðið er innan svæðis (Skagi) sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruvinjaskrár út frá verndun vistgerða á landi, fugla og sela ([Skagi | Náttúrufræðistofnun](#)). Forsenda fyrir vali eru ósnortnar mýrar og flóar inni á heiðinni, víðáttumikil svæði með starungsmýravist og runnamýravist. Alþjóðlega mikilvægt varpland æðarfugls, álfar og himbrima og eins verpur á svæðinu talsvert af lómi og duggönd sem eru forgangstegundir. Loks er Skagi alþjóðlega mikilvægur fyrir helsingja á fartíma og straumönd á veturna. Skagi er því einnig skilgreindur sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði ([Skagi | Náttúrufræðistofnun](#)).



Svæðið einkennist af miklu votlendi sem fellur undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013). Nálæg vötn og fossar falla einnig undir sömu lagagrein. Þá fellur svæðið undir skilgreiningu náttúruverndarlaganna um óbyggð víðerni og 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.

Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar flokkast votlendið undir starungsmýravist, runnamýravist á láglendi og tjarnastararflóavist sem allar hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Milli votlendisfláka eru svo ásar með ýmsum mólendisvisgerðum. Í slíkri mósaík vistgerða er að vænta mikils þéttleika mófugla sem margir hverjir flokkast til ábyrgðartegunda Íslands, þ.e. um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýta Ísland til varps. Þá má reikna með fjölda vatnafugla, m.a. himbrima, álfst og duggönd en hlutfallslegur fjöldi þessara tegunda sem verpa á Skaga er ein forsenda þess að svæðið er tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fugla.

Náttúrufræðistofnun leggur til að straumendur á svæðinu verði taldar á Fossá til að meta líklegan varpstofn. Telja þarf tvisvar á ári, fyrri talning í lok maí eða byrjun júní og síðari talning um miðjan ágúst ([NI-22010.pdf](#)). Ísland er eina varpland straumandar í Evrópu og hún er sérstök ábyrgðartegund Íslendinga.

Ekki er vitað til þess að jarðfræði fyrir hugað rannsóknarsvæðis, berg- og jarðgrunnur, hafi verið kortlögð í nákvæmum mælikvarða og merkar jarðminjar eru óþekktar innan svæðisins. Setkjarnar úr stöðuvötnum á svæðinu hafa þó verið mikilvægur hlekkur í rannsóknum á umhverfis- og loftlagssögu Íslands á fyrri hluta nútíma. Eins er ljóst að kortlagning á landmótun á svæðinu getur veitt innsýn í hegðun og virkni ísaldarjökulsins á síðjökultíma.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að virkjun á þessum slóðum muni óhjákvæmilega fylgja umtalsvert rask á lítt snortnu víðerni, ríku af náttúruminum og hafa áhrif á lífríki og gróðurfar á svæðinu.

Athugið að í bréfinu með umsókninni stendur að um er að ræða rannsókn vegna Tunguvirkjunar en ekki Fossárvirkjunar.

Virðingarfyllt,

Nína Aradóttir

Nína Aradóttir
Jarðfræðingur